

Látrabjarg Fyrirhuguð vinna við deiliskipulag

Lýsing á skipulagsverkefni
Skv. 2mgr. 40gr. Skipulagslaga nr. 123/2010

Desember 2012
Unnið fyrir Vesturbyggð, Umhverfisstofnun og
Vegagerðina



Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð

Hafin er vinna við gerð deiliskipulags við Látrabjarg.
Deiliskipulagssvæðið nær yfir land þriggja jarða,
Hvallátra, Breiðavíkur og Keflavíkur. Stærð svæðisins er í allt um 9.000 km².

Forsendur og viðfangsefni

Allar jarðirnar á deiliskipulagssvæðinu eiga sér langa sögu sem þó er einungis að litlu leyti skráð í heimildum. Hvallátrar eru landnámsjörð. Þar bjó Þórólfur spörr sem nam land fyrir vestan Barð, en svo er Látrabjarg nefnt í Landnámu. Bænhús var á Hvallátrum sem aflagt var á miðöldum.. Hálfkirkja var í Breiðavík sem var gerð að sóknarkirkju á fyrri hluta 19. aldar.

Breiðavíkur og Keflavíkur er fyrst getið í heimildum á 15. öld eftir því sem næst verður komist, en jarðirnar hafa þó sennilega byggst löngu fyrr. Hvallátrar og Breiðavík voru rúmar meðaljarðir að fornu mati, 30 hundruð, og réðu yfir töluverðu undirlendi en þrengra er um í Keflavík sem var 12

hundraða jörð. Róið var frá öllum þessum bæjum og á vertíðum sótti fólk þangað víða að, enda skammt út á gjöful fiskimið. Einstakar minjar eru til um þetta útræði, m.a. verbúðir og herslugarðar. Byggðamynstur hefur þróast með nokkuð ólíkum hætti á jörðunum þremur. Margbýlt var á Hvallátrum og höfðu helstu bæir aðskilin tún, bæjar- og útihús. Tvíbýli var á hinn bóginn lengi í Breiðavík í sambyggðum bæjarhúsum. Enn er búið í Breiðavík og er þar rekin ferðaþjónusta, hótél og tjaldsvæði árið um kring. Til skamms tíma voru eigendur einnig með fjárbúskap en nýlega var það allt skorið niður.

Mikil breyting hefur orðið á búsetu og búrekstri á svæðinu á síðari hluta 20. aldar eins og víðast hvar á landinu. Keflavík var komin í eyði fyrir 1960 og búskapur á Hvallátrum fjaraði smám saman út á árunum upp úr 1950 þótt enn hafi verið búið með nokkrar ær fram yfir 1990. Þar er nú fyrst og fremst sumardvalarstaður landeigenda og fjölskyldna þeirra.

Almennt má segja að ferðaþjónusta sé í örum vexti á svæðinu, sérstaklega með bættum samgöngum. Búast má við að miklar breytingar verði á fjölda ferðamanna á svæðinu með betri vegum og fjölgun erlendra gesta á Íslandi. Helsta aðráttarafið er sjálft Látrabjarg, stórkostleg náttúrusmíð og mesta fuglabjarg landsins og etv Evrópu. Auk þess að hafa nýttjar af bjarginu, bæði eggjatöku og fuglaveiðar, hefur bjargið líklega mótað íbúana og sjálfsmynd þeirra meira en nokkuð annað í umhverfinu og því er óhætt að segja að það sé þungamiðja svæðisins í margvíslegum skilningi.

Í deiliskipulaginu er horft til framtíðar en fortíðin er þó innan seilingar, enda skammt síðan veiðar og landbúnaður voru helsta lifibrauð íbúa á svæðinu. Við gerð deiliskipulagsins er haft að leiðarljósi að það byggðamynstur og landslag sem við sjáum í dag er afleiðing mannabyggðar á svæðinu í þúsund ár.

Ferðamönnum fjölgar á Íslandi, innlendum sem erlendum. Í takt við þá þróun og uppbyggingu landeigenda í Breiðavík, að Látrum og hugmynda Vesturbyggðar um mögulegan þjóðgarð, er lagt að stað í þá vegferð sem deiliskipulag svæðisins alls hefur í för með sér. Deiliskipulagið tekur á þeirri uppbyggingu ferðaþjónustu sem hafin er í Breiðavík og sömuleiðis hóflegri uppbyggingu í anda þorpsins á Hvallátrum. Bílastæði, bæði gerð þeirra og staðsetning, verða endurskoðuð sem og vegirnir/slóðarnir. Að Bjargtöngum og í Keflavík þarf að skoða hvernig og hvort svæðin geti tekið betur á móti ferðamönnum.

Þáttur Vegagerðarinnar mun tengjast deiliskipulagsvinnunni en vegurinn sem nær frá þorpinu í Látravík og að Bjargtöngum verður hannaður og endurbættur m.t.t. umhverfis, öryggis og upplifunarpáttá. Sú breyting sem verður jafnframt hluti af deiliskipulagi þessu er að vegurinn sem í dag liggur í gegnum þorpið á Hvallátrum verður lagður af og vegstæðið flutt upp fyrir þorpið. Ástæðan er sú að hann þykir valda mikilli sjónmengun og rykmengun og getur verið hættulegur vegna aukinnar umferðar út á Bjargtanga en einnig liggur hann gegnum mitt þorpið. Markmið með breytingum á Örlygshafnarvegi er að styrkja svæðið í heild sinni með bættu vegasambandi og stuðla að farsælli þróun ferðamennsku á svæðinu. Nýtt vegstæði og betri vegur munu stuðla að betri samgöngum og auknu umferðaröryggi á deiliskipulagssvæðinu.

Skipulagsleg staða

Ekki er til deiliskipulag af svæðinu, en aðalskipulag fyrir Vesturbyggð var unnið árið 2006 af Landmótun sf og er í gildi frá 2006-2018. Í meginmarkmiðum aðalskipulagsins segir að stuðla skuli að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Jafnframt er sagt frá því að styrkja eigi stoðir og auka vægi ferðaþjónustu á svæðinu sem byggir á sérstöðu þess og fjölgun gistimöguleika. Þá er einnig markmið að stuðla að varðveislu náttúruminja. Í aðalskipulagi segir jafnframt að skráning fornleifa skuli fara fram á deiliskipulagsstigi og áður en ráðist er í byggingar- eða framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir. Það skal þó tekið fram að skráning allra fornleifa á vettvangi er sérstakt verkefni og ekki hluti af þeirri deiliskipulagsvinnu sem hér er kynnt, en Vesturbyggð er þátttakandi í IPA umsókn Fornleifaverndar Ríkisins með fornleifaskráningu á þessu svæði.

Fyrirliggjandi gögn eru aðalskipulag Vesturbyggðar, bæði greinargerð og uppdráttur, og svæðiskráning fornleifa sem gerð var fyrir allt sveitarfélagið árið 1997.

Deiliskipulagssvæðið er í dag skv. aðalskipulagi skilgreint sem hverfisverndarsvæði og ná mörkin fyrir framan Látrabjarg 2 km út á sjó en almennt eru mörkin meðfram strönd 100 m.

Náttúra og saga

Eitt af því sem haft verður að leiðarljósi við deiliskipulagsgerð á Látrabjargi er að draga fram sérstöðu svæðisins. Til að ná þessu markmiði þykir m.a. nauðsynlegt að gera athugun á fornleifum og öðrum menningarminjum, bæði til að draga upp mynd af mannvirkjum sem setja svip sinn á landslag og sérstöðu þeirra en einnig til að fá innsýn í sögu byggðar og þróun landnotkunar. Ekki er um nákvæma fornleifaskráningu að ræða heldur könnun á helstu einkennum fornminja sem næstar eru þungamiðjum skipulagsins, s.s. gömlum bæjarstæðum, vegstæðum, áningarstöðum og svo bjarginu sjálfu. Deiliskipulagssvæðið er í dag á náttúruminjaskrá hjá Umhverfisstofnun. Rök og viðmið stofnunarinnar fyrir verndun eru m.a.: „Mikilfenglegt og fjölbreytt landslag, fuglabjarg, minjar um búskap við sjó og sjósókn fyrri tíma. Hluti af svæðinu er enn í byggð. Söguminjar. Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabyggð, sjaldgæfar tegundir og tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar. Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð. Vísinda-, félags-, efnahags- og menningarlegt gildi. Einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta. Sjónrænt gildi.“

Í aðalskipulagi Vesturbyggðar er gert ráð fyrir því að svæðið verði friðlýst. Þar segir m.a.: „Talið er mikilvægt að svæðið verði síðar verndað skv. náttúruverndarlögum sem friðland eða þjóðgarður með sérstaka áherslu á sjófuglabyggðir, fjörusvæði, minjar, útivist og bættu móttöku á ferðamönnum“.

Þessar áherslur á verndun Látrabjargs og aðliggjandi svæða, bæði hjá Umhverfisstofnun og í aðalskipulagi Vesturbyggðar munu óneitanlega setja svip sinn á deiliskipulagsgerðina. Því er unnið með deiliskipulagið þannig að Látrabjarg kunni að verða gert að þjóðgarði.

Deiliskipulagssvæðið verður meðhöndlað sem rammaskipulag sökum stærðar þess og umfangs, en þar sem gert er ráð fyrir að einhver uppbygging eigi sér stað, í Breiðavík, þorpinu á Hvallátrum, Bjargtöngum, Keflavík og hinu nýja vegstæði, verða gefnir út séruppdrættir.



Áhrifa- og umhverfispættir

Helstu þættir deiliskipulagsins sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru vegagerð og efnistaka vegna endurbóta á Örylgshafnarvegi. Áhrifin eru mismikil á umhverfi eftir því hvort um ræðir vegagerð eða efnistöku. Örylgshafnarvegur liggur í dag sem tengivegur frá Barðastrandarvegi um Örylgshöfn að Hvallátrum. Frá Hvallátrum og út á Bjargtanga er Örylgshafnarvegur skilgreindur sem landsvegur en samkvæmt heimild í vegalögum kemur til álita að skilgreina hann áfram sem tengiveg að vinsælum ferðamannastað, Látrabjargi.

Samhliða gerð deiliskipulags verður unnin umhverfisskýrsla skv. lögum um umhverfismat áætlaða nr.105/2006. Í skýrslunni verður lögð áhersla á að meta framkvæmd vegna endurgerðar Örylgshafnarvegur, þá sérstaklega vegna breytingar á vegstæði frá þorpinu á Hvallátrum en nýtt vegstæði verður skilgreint fyrir ofan þorp. Þá verður einnig fjallað um efnistöku og efnistökusvæði.

Í umhverfisskýrslunni verður fjallað um eftirfarandi umhverfispætti:

Samfélagið – fornleifar og jarðvegur og sjónræn áhrif.

Val á þessum umhverfispáttum verður byggt á greiningu á því hvaða þættir umhverfisins gætu orðið fyrir áhrifum vegna deiliskipulagsins. Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum og vöktun ef í ljós kemur að umhverfisáhrif í einhverjum af áðurtöldum þáttum eru talin veruleg.

Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulagsins frá 2012 til 2013:

júní – september	Unnið að tillögum fyrir Vesturbyggð og Umhverfisstofnun, farið á vettvang
september – nóvember, 2012 nóvember– desember, 2012,	Tillaga fær kynningu og umræðu í samstarfshópi Tillaga tekin fyrir hjá skipulags- og byggingarnefnd Vesturbyggðar ásamt umfjöllun hjá Umhverfisstofnun
nóvember – janúar, 2013 febrúar – mars, 2013	Tillaga fer í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli Tillaga aftur tekin fyrir á fundi skipulags- og byggingarnefndar ásamt mögulegum umsögnum og athugasemdum sem borist hafa. Tillaga að deiliskipulagi við Látrabjarg samþykkt af skipulags- og byggingarnefnd Vesturbyggðar.
mars-apríl, 2013	Deiliskipulagið sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag fyrir Látrabjarg gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Gögn deiliskipulagsins

Deiliskipulag Látrabjargs mun samanstanda af eftirtöldum gögnum:

- greinargerð með forsendum, skipulags- og byggingarskilmálum
- deiliskipulagsupprætti í mælikvarða 1:50.000 ásamt 4-5 sérupprættum í mælikvörðunum 1:2000 -1:3000.

Kynning og samráð

Eins og áður var kynnt er eignarhald á þessu svæði á höndum margra ólíkra aðila. Vesturbyggð skipaði vinnuhóp vorið 2011 í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem fulltrúum landeigenda ásamt fulltrúum Ferðamálastofu er boðið til frekari samvinnu og undirbjó vinnuhópurinn deiliskipulagsvinnuna og er til ráðgjafar í deiliskipulagsferlinu. Höfundar deiliskipulagsins munu eiga samstarf við Vegagerðina og einnig verður leitað til Siglingastofnunar vegna þessa verkefnis. Samráðsaðilar verða Fornleifavernd ríkisins og Húsafriðunarnefnd.

Gert er ráð fyrir að þessi lýsing verði kynnt almenningi í formi auglýsingar ásamt því að liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og vera aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar.

Að skipulaginu fyrir hönd Baark ehf standa:
Borghildur Sturludóttir arkitekt FAÍ
Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur
Þórhildur Þórhallsdóttir landslagsarkitekt FÍLA

